



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2021

Efni: Umsögn um tilskipun ESB um aukna hlutdeild endurnýjanlegrar orku

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til erindis atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, síðar ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftslagsmála, dags. 29. október sl., þar sem óskað var umsagnar samtakanna um tilskipun Evrópusambandsins um aukna hlutdeild endurnýjanlegrar orku, nr. 2018/2001. Eins og fram kemur í erindi ráðuneytisins er um að ræða tilskipun, og framkomnar tillögur um breytingar á henni, sem eru hluti af tillögum Evrópusambandsins sem kynntar voru fyrr á þessu ári undir yfirskriftinni „Fit for 55“ sem er safn tillagna og byggja á stefnumótun Græna sáttmála sambandsins, þ.e. The European Green Deal.

Líkt og fram kemur í erindi ráðuneytisins þá sendu samtökin umsögn um drög að umræddri gerð haustið 2017, sbr. umsögn frá 19. október það ár. Hvað þá umsögn varðar ítreka samtökin fyrri athugasemdir sínar sem þar koma fram með þeim fyrirvara þó að í fyrirliggjandi erindi er ráðuneytið eingöngu að leitast eftir umsögn um þá þætti þeirrar löggjafar er snýr sérstaklega að þeirri tilskipun, og breytingum þar á, sem hér er til umfjöllunar.

Til fyllingar fyrri umsögn SI óska samtökin eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum hvað umræddar raforkugerðir varðar.

Upprunaábyrgðir á raforku

SI hafa í fyrri umsögn sem og fyrri samskiptum við stjórnvöld gert athugasemdir við fyrirkomulag upprunaábyrgða á raforku hér á landi. Ítreka SI að hér er um stórt ímyndarmál fyrir Ísland að ræða og taka þarf til skoðunar hvort framkvæmdin hér sé í fullu samræmi við markmið kerfisins, þ.e. að stuðla bæði að orkuskiptum í raforkuframléiðslu úr óendurnýjanlegum orkugjöfum yfir í endurnýjanlega, sem og nýframkvæmdum. Eins og ráðuneytinu má vera ljóst er með kerfi upprunaábyrgða á raforku verið að koma á aðgerðum Evrópusambandsins til að örva fjárfestingar í grænni orkuframléiðslu, s.s. skapa fjárhagslega hvata til að stuðla að grænum orkuskiptum enda var uppbygging á grænni orkuöflun kostnaðarsamari en að nýta jarðefnaeldsneyti. Hér á landi höfum við ávallt verið fyrir ofan efstu mörk sem Evrópusambandið hefur sett um hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa, hvort sem stuðst var við fyrri viðmið (primary energy consumption) eða nýrri viðmið (final energy consumption). Hámarkið innan sambandsins miðaðist við stöðu þessara mála í Svíþjóð sem þá var rétt fyrir neðan 50%.

Að mati SI gengur þátttaka okkar í þessu kerfi gegn markmiðinu að örva uppbyggingu á grænum orkuskiptum og grænum innviðum í orkuframléiðslu innan Evrópu. Ástæðurnar eru fyrst og fremst tvíþættar; raforkan á Ísland er 99,99% endurnýjanleg og Ísland tengist ekki hinum sameiginlega orkumarkaði Evrópusambandsins.

Í núverandi fyrirkomulagi eru íslensk fyrirtæki, aðallega Landsvirkjun og eftir atvikum Orka Náttúrunnar og HS Orka, að draga til sín fjármagn sem að óbreyttu væri betur nýtt



til orkuskipta í þeim ríkjum þar sem ríki hafa ekki náð sínum markmiðum í orkuskiptum í raforkuframleiðslu. Þá er enn ýmsum álitamálum ósvarað varðandi ráðstöfunarrétt raforkusöluaðila yfir upprunaábyrgðum þeirrar raforku sem seld er samkvæmt langtíma raforkusamningum. Hvað varðar ímynd Íslands má einnig velta upp þeirri spurningu hvort kerfið vinni gegn markmiðum samstarfsvettvangs atvinnulífs og stjórnvalda á sviði loftslagsmála og grænna lausna.

SI leggja ríka áherslu á að stjórnvöld leitist eftir því að sækja um undanþágu frá kvöðum um að starfrækja hér kerfi upprunaábyrgða á grundvelli sérstöðu okkar í orkumálum, einangrunar orkukerfisins og sýna um leið ábyrga afstöðu í verki að stuðla að grænum orkuskiptum í raforkuframleiðslu innan EES þar sem aukin þörf er á slíkum orkuskiptum og fjárhagslegum hvata til að koma slíkum skiptum á í raforkuframleiðslu.

Að gefnu tilefni benda SI á að sjónarmið þessi grundvallast ekki eingöngu á skoðunum samtakanna enda má ráða að sambærileg sjónarmið eru uppi í Noregi um að víkja frá kerfi upprunaábyrgða á raforku og því væri styrkur í sameinast um slíka kröfu í samvinnu við norsk stjórnvöld. Vísast hér m.a. til upplýsinga í eftirfarandi frétt: <https://www.greenfact.com/News/1643/New-Norwegian-government-proposes-the-removal-of-the-GO-system>.

Innviðir fyrir endurnýjanlegt eldsneyti

Því næst vekja SI athygli á áherslum um endurnýjanlegt eldsneyti fyrir samgöngur, þ.m.t. innviðaupbyggingu fyrir slíkt eldsneyti í 28. gr. svo dæmi sé tekið. Hvað varðar áherslu á sviði endurnýjanlegs eldsneytis, þ.m.t. stuðning við framleiðslu, uppbyggingu innviða og skýrt regluverk um slíkt eldsneyti, þá styðja samtökin almennt framgang þessara mála enda mikilvægt að hér á landi séu tryggð starfsskilyrði fyrir innlenda framleiðslu og notkun á endurnýjanlegu eldsneyti með tæknihlutleysi að leiðarljósi.

Aukinn áhugi er hér á landi hjá fyrirtækjum að byggja upp ímynd Íslands sem ákjósanlegt land til framleiðslu á vetni og rafeldsneyti. Er því mikilvægt að tryggja aukna fjölbreytni í jafnt endurnýjanlegu eldsneyti sem og orkuöflun fyrir slíka framleiðslu. Benda SI á að í nóvember sl. var stofnaður sérstakur starfgreinahópur fyrirtækja í þessum greinum innan samtakanna, þ.e. Samtök vetnis- og rafeldsneytisframleiðenda. Samhliða því að vekja áherslu á mikilvægi aðgerða á þessu sviði og uppbyggingar í framleiðslu á slíku eldsneyti þá ítreka SI mikilvægi þess að ráðuneytið leiti eftir samtarfi við Samtök vetnis- og rafeldsneytisframleiðenda við frekari aðgerðir á þessu sviði, s.s. mótun staðla, innleiðingu á erlendu regluverki og útfærslu á lögum og reglum sem um slíka starfsemi gilda.

Loks lýsa SI yfir vilja til samstarfs með stjórnvöldum við að rýna enn frekar fyrirhugaðar innleiðingar umræddrar gerðar, sem og annarra á sviði „Fit for 55“ tillagna Evrópusambandsins, líkt og óskað er eftir í erindi ráðuneytisins. SI gera að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við ráðuneytið.

Virðingarfyllt,

Lára M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála

